# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 129, 12. febrúar 2002, um hrognkelsaveiðar.**

1. gr.

Við 7. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Sé notuð 120 faðma ófelld slanga er heimilt að vera með helmingi færri net í sjó.

2. gr.

Við 9. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Skylt er að númera netatrossur sem hver bátur á í sjó frá einum til þess fjölda trossa, sem hann á í sjó. Númer netatrossu skal skráð skýrum tölustöfum á baujuflagg eða belg á báðum endum trossu.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. febrúar 2003.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

27. febrúar 2003 Nr. 150

# GJALDSKRÁ

**Byggðasamlags skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsness- og Borgarfjarðarumdæmis fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi í Hvalfjarðarstrandarhreppi, Innri-Akraneshreppi, Leirár- og Melahreppi, Borgarfjarðarsveit, Skorradalshreppi, Hvítársíðuhreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit.**

**A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.**

1. *Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.*
Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 20.000 og skal það bundið vísitölu byggingarkostnaðar og miðast við grunnvísitölu 1. janúar 2003.
Fjárhæð gjalds skal ekki vera hærri en nemur kostnaði sveitarfélagsins við undirbúning leyfisins og eftirliti sem skylt er að framkvæma. Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000, er nauðsynlegur vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins hluti af kostnaði þess við útgáfu leyfis.
2. *Gjalddagi.*
Greiða skal framkvæmdaleyfisgjald við útgáfu leyfis, þó er heimilt að gera skriflegan samning um greiðslur.
3. *Innheimta gjalda.*
Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi lóð eða fasteign sem við getur átt og má innheimta áfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.
Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó að ekki verði af framkvæmd.